

Sp.

213. Fyrirspurn

[193. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd höfundalaga, höfundarrétt o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hefur Rannsóknarlögreglan fengið sérstaka fjárveitingu til að fylgjast með framkvæmd höfundalaga og höfundarétti, sbr. lög nr. 73/1972 og lög nr. 78/1984?
2. Hvað veldur því að ríkissaksóknari vísar frá kæru um meint brot á höfundalögum, svo sem ólöglegan innflutning myndbanda, fjölföldun og leigu þeirra?
3. Hefur ríkissaksóknari lagaheimild til að vísa frá slíkum málum órannsökuðum sem einnig varða önnur lög, svo sem hegningarlög (skjalafals), bókhaldslög og ýmis lög um greiðslu opinberra gjalda?